

Rými fyrir mannlíf og samtal – Skipulags- og umhverfismatsdagurinn 2020

Vefráðstefna, 13. nóvember

- 13.11.2020

Skipulags- og umhverfismatsdagurinn 2020 – vettvangur umræðu um skipulagsmál.

Vefráðstefna, 13. nóvember kl. 09:00–16:30

Tveir árvissir viðburðir á vegum Skipulagsstofnunar, Skipulagsdagurinn og Umhverfismatsdagurinn, verða að þessu sinni sameinaðir í einn vegna COVID-19 faraldursins. Viðburðurinn er líkt og fyrri ár haldinn í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Að þessu sinni verður viðburðurinn aðeins haldinn með rafrænum hætti og verður honum streymt á vefnum. Ekki er þörf á að skrá sig til að fylgjast með streyminu.

Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er *Rými fyrir mannlíf og samtal*. Er þar annars vegar vísað til hins eiginlega umhverfis, bæði hins byggða og náttúrulega, sem mótar umgjörð um okkar daglega líf. Hins vegar er vísað til rýmisins sem við höfum búið okkur til í tíma og rúmi fyrir samtal um mótun byggðar og umhverfis. Síðarnefnda rýmið er í auknum mæli að finna í rafheimum og má segja að það sé táknrænt fyrir umfjöllunarefnið í ár að ráðstefnan verður alfarið haldin á vefnum vegna COVID-19 faraldursins. Ennfremur er rafheimurinn í vaxandi mæli rými fyrir ýmsar athafnir daglegs lífs, eins og vinnu og verslun.

Tuttugu mínútna bærinn

Dagskrá Skipulags- og umhverfismatsdagsins er fjölbreytt og efnismikil. Í fyrri hluta hennar verður skipulagshugmyndin um 20 mínútna bærinn rædd frá ýmsum sjónarhornum. Vikið verður að erlendum og innlendum dæmum um skipulag í anda hugmyndarinnar. Auk þess verður sjónum beint að þeim ávinningi sem nálgunin getur haft fyrir bæði daglegt líf íbúa og viðamikil samfélagsleg úrlausnarefni á borð við loftslagsvandann og lífsstílstengda sjúkdóma. Meðal frummælenda eru Guro Voss Gabrielsen frá Kommunal- og moderniseringsdepartementet (KMD) í Noregi og Robert Huxford frá Urban Design Group í Bretlandi, sem hafa mörgu að miðla af langri reynslu við skipulag og hönnun bæjar- og göturýma.

Stafrænar lausnir og nýjungar við samráð

Í síðari hluta ráðstefnunnar verður leitað svara við þeirri spurningu hvernig bæta má skipulag og umhverfismat með nýjum aðferðum við kynningu og samráð. Einkum verður fjallað um hvernig má aðlaga hefðbundnar samráðsaðferðir að stafrænum lausnum og hagnýta tækninýjungar og þróun í rafrænum samskiptum og miðlun í þágu betra og markvissara samráðs.

Dagskráin hefst með ávarpi ráðherra skipulagsmála, Guðmundar Inga Guðbrandssonar og í kjölfar þess fer Ásdís Hlökk Theodórsdóttir forstjóri Skipulagsstofnunar yfir það sem efst er á baugi í starfsemi stofnunarinnar og á vettvangi skipulagsgerðar og umhverfismats. Erindin sem fylgja eru mörg og fjölbreytt, en auk erlendu gestanna sem nefndir voru að ofan flytja erindi Ólöf Örvarsdóttir frá Reykjavíkurborg, Óskar Örn Gunnarsson frá Landmótun, Matthildur Kr. Elmarsdóttir frá Alta, Helena Guttormsdóttir frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Guðmundur Kristján Jónsson frá Planitor, Orri Steinarsson frá jvantspijker & partners, Hrafnkell Proppé frá Verkefnastofu Borgarlínu, Elín S. Óladóttir frá Landsneti, Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf, auk Hrafnhildar Bragadóttur, Ólafs

Árnasonar og Esterar Önnu Ármannsdóttur frá Skipulagsstofnun. Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga slær síðan botninn í dagskrána með erindi um verkefnin sem framundan eru í skipulagsmálum sveitarfélaga.

Fundarstjóri er Bergur Ebbi, rithöfundur og fyrirlesari, sem er jafnframt meðal frummælenda og mun hann í erindi sínu fara yfir málefni fjórðu iðnbyltingarinnar og hvort við séum að undirgangast breytingar sambærilegar við þær þegar fólk fluttist úr sveitum yfir í borgir.

Nánari upplýsingar um streymi birtist á þessari síðu þegar nær dregur.

Dagskrá:

9.00 Setning ráðstefnu

Ávarp umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar

Hvað er að ske? Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar

9.40 TUTTUGU MÍNÚTNA BÆRINN

Local planning for global goals - a Nordic approach

Guro Voss Gabrielsen, Kommunal- og moderniseringsdepartementet, Noregi

Street design: past, present, future

Robert Huxford, Urban Design Group, Bretlandi

Í næsta nágrenni - 20 mínútna bærinn í landsskipulagsstefnu

Hrafnhildur Bragadóttir, Skipulagsstofnun

Meiri borg - betri borgarblær

Ólöf Örvarsdóttir, Reykjavíkurborg

Hvolsvöllur - 20 mínútna bærinn

Óskar Örn Gunnarsson, Landmótun

Gönguvænn Grundarfjörður - greining, skipulag, framkvæmd

Matthildur Kr. Elmarsdóttir, Alta

Hagur af norrænu samstarfi fyrir litla og meðalstóra bæi

Helena Guttormsdóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands

12.00 *Hádegishlé*

13.00 *Borg-í-ský*

Bergur Ebbi, rithöfundur og fyrirlesari

13.30 **BETRA SKIPULAG OG UMHVERFISMAT MEÐ STAFRÆNNI ÞRÓUN OG SAMRÁÐI**

Framtíðin í gögnum og aðgengi
Ólafur Árnason, Skipulagsstofnun

Aukin yfirsýn - öflugri miðlun
Guðmundur Kristján Jónsson, Planitor

Í sátt og samráði
Orri Steinarsson, jvantspijker & partners, Hollandi

Borgarlínan - samtal um hið óorðna
Hrafnkell Proppé, Verkefnastofa Borgarlínu

Mikilvægi samráðs
Elín Sigríður Óladóttir, Landsneti

Kaffihlé

Taktu þátt! Stafrænt samráð á kortum
Ester Anna Ármannsdóttir, Skipulagsstofnun

Stafrænt samráð og snarteikningar við sameiningu sveitarfélaga
Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf

15.50 **Verkefni framundan**

Sýn Sambands íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

16.30 **Ráðstefnuslit**
